



Reglur leikskóla Fljótshéraðs

Leikskólar Fljótshéraðs starfa samkvæmt [lögum um leikskóla nr. 90/2008](#), [reglugerð um starfsemi leikskóla](#) og [Aðalnámskrá leikskóla](#). Námskránni er ætlað að vísa ólíkum hagsmunaaðilum í skólasamfélaginu veginn hvað varðar stefnu og hugmyndafræði leikskólastarfs. Leikskólinn er fyrsta skólastigið í íslensku skólakerfi og annast að ósk foreldra uppeldi, umönnun og menntun barna á leikskólaaldri.

Umsókn og innritun

Sækja má um leikskóla frá fæðingu barns, eða strax og kennitala þess hefur verið skráð. Sótt er um leikskóla á heimasíðu Fljótshéraðs www.fljotsdalsherad.is í gegnum [Íbúagátt](#). Þegar sótt hefur verið um leikskóla fá foreldrar staðfestingu um að umsóknin hafi verið móttækin.

Skilyrði fyrir inngöngu í leikskóla er að barn eigi lögheimili á Fljótshéraði. Barnið getur verið á umsóknarlista þótt lögheimili sé annars staðar. Úthlutunin er einnig háð því skilyrði að foreldri sé ekki í vanskilum með leikskólagjöld. Víkja má frá meginreglum um inngöngu nemenda í leikskóla ef sérstakar aðstæður krefjast þess.

Börn eru innrituð í leikskóla eftir aldri þannig að eldri börn ganga fyrir þeim yngri. Þó má gera undantekningu varðandi systkini til að tryggja yngra barni leikskólavist í sama skóla og eldra barni. Forsendur þess eru að eldra systkini eigi a.m.k. 6 mánuði eftir af leikskólagöngu sinni.

Foreldrar eru hvattir til að sækja um leikskóla fyrir lok mars ár hvert. Aðalinnritun í leikskóla fer fram í apríl-maí og er þá úthlutað leikskólarýmum í stað þeirra barna sem útskrifast og hætta. Leikskólaganga hefst síðan á tímabilinu júní til september. Leikskólanám er að jafnaði í boði fyrir börn sem náð hafa eins árs aldri við upphaf skólaárs leikskólans 1. september og fram að sumarleyfi árið sem þau ljúka leikskólagöngu sinni. Lítil hreyfing er á leikskólarýmum eftir að úthlutun lýkur fram til næsta vors.

Þegar barn hefur fengið inngöngu í leikskóla fá foreldrar tölvupóst með upplýsingum um hvenær leikskólagangan hefst.

Vakin skal athygli á því að við innritun barns í leikskóla getur þurft að taka tillit til þess aldursviðmiðs og tíma sem er laus í leikskólum hverju sinni.

Forgang í leikskóla eiga:

- Börn einstæðra foreldra.
- Börn starfsmanna leikskóla Fljótshéraðs.
- Börn í elsta árgangi leikskóla.

Börn geta fengið forgang skv. ákvörðun fræðslustjóra. Beiðni um forgang þarf að fylgja bréf frá félagsmálastjóra, félagsráðgjafa, lækni eða öðrum eftir því sem við á. Ef foreldri/forráðamaður hefur athugasemdir við niðurstöðu má vísa erindinu til fræðslunefndar.



Leikskólagjöld

Fljótshálsdalshérað greiðir að stærstum hluta kostnað við dvöl barna í leikskólum sveitarfélagsins. Foreldrar greiða leikskólagjöld í hlutfalli við þann tíma sem börn þeirra dvelja í leikskólanum. Einnig greiða foreldrar fyrir fæði barna sinna. Innheimt er sérstakt gjald ef foreldrar virða ekki umsaminn leikskólatíma. Komi til vanskila gildir að ef um þriggja mánaða vanskil er að ræða er rekstraraðila heimilt að segja upp leikskólasamningi með mánaðar fyrirvara að undangenginni ítrekun.

Leikskólagjald, fæðisgjald og systkinaafláttur á hverjum tíma er samkvæmt gjaldskrá leikskóla Fljótshálsdalshéraðs og er hún birt á heimasíðu sveitarfélagsins undir [gjaldskrám](#).

Gjaldskráin er tvískipt:

Almennt gjald fyrir hjón og sambúðarfólk.

Forgangsgjald fyrir einstæða foreldra.

Sækja þarf um að greiða forgangsgjald á þar til gerðu eyðublaði sem hægt er að nálgast hjá leikskólastjóra. Til að greiða forgangsgjald þarf foreldri/forráðamaður að vera skráður einstæður í þjóðskrá.

Hægt er að fá fæðiskostnað felldan niður ef nemandi er fjarverandi 10 skóladaga samfelld eða lengur, ef tilkynnt er með fyrirvara.

Leikskólar Fljótshálsdalshéraðs eru lokaðir í 4 vikur vegna sumarleyfa. Leikskólagjöld eru greidd í 11 mánuði á ári. Hægt er að sækja um tveggja vikna gjaldfrítt sumarleyfi fyrir eða í beinu framhaldi af sumarlokun leikskóla. Beiðni um slíkt þarf að berast leikskólastjóra fyrir þann tíma sem leikskólastjóri setur.

Leikskólasamningur

Við upphaf leikskólagöngu skrifa foreldrar undir sérstakan leikskólasamning sem meðal annars kveður á um leikskólatíma, fæðis kaup og fleira. Leikskólasamningur tekur mið af reglum þessum.

Gagnkvæmur uppsagnarfrestur á leikskólasamningi er einn mánuður og miðast við 1. eða 15. hvers mánaðar. Segja skal upp leikskólasamningi á eyðublaðum sem hægt er að nálgast hjá leikskólastjóra.

Óski foreldrar eftir breytingum á leikskólasamningi eða fæðis kaupum sækja þeir um það hjá leikskólastjóra á þar til gerðu eyðublaði.

Opnunartími og skipulagsdagar

Að hámarki er gert ráð fyrir að leikskólarnir geti verið opnir frá 7:45 til 17:15. Opnunartíminn ræðst þó af þörf hverju sinni og eru leikskólar í þéttbýli ekki opnir fyrir færri en 6 börn í upphafi og/eða lok dags.

Leikskólinn er lokaður á aðfangadag og gamlársgang.

Skipulags- og námskeiðsdagar leikskólanna eru 6 á ári og er leikskólinn lokaður þessa daga. Framkvæmd skipulagsdaga er alfarið í höndum leikskólastjóra og þeim ráðstafað á þann veg sem best hentar hverjum skóla. Skipulagsdagar eru skráðir á skóladagatal skólanna og auglýstir með a.m.k. mánaðar fyrirvara. Stefnt skal að því skólastjórnendur leik- og grunnskóla samræmi þessa daga eins og kostur er.

Samþykkt á fundi fræðslunefndar 25. ágúst 2020 og í bæjarstjórn 2. september 2020.